

Fundargerð 100. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: þriðjudagurinn 26. nóvember 2024 klukkan 15:00 í FSN.

Björg Ágústsdóttir (formaður), Helga Guðmundsdóttir, Kristinn Jónasson, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Birta Antonsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir, fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Á Teams: Sara Egilsdóttir, áheyrnarfulltrúi nemenda.

Björg Ágústsdóttir formaður setti 100. fund skólanefndar FSN.

Dagskrá:

1. Fundargerðir síðustu funda lagðar fram og samþykktar samhljóða.


2. Fjárhagsáætlun.

Fjármálastjóri FSN, Guðrún Jóna Jósepsdóttir fór yfir fjármál FSN og fjárhagsáætlun vegna ársins 2025.

Það er enn gert ráð fyrir um 10 m. kr. halla á árinu 2024. Uppgjör ráðuneytis mun hafa áhrif á niðurstöðu ársins og erum við hæfilega bjartsýn á að fá einhverjar uppbætur sem gætu bætt stöðuna. Fjárlagafrumvarp fyrir 2025 var samþykkt á Alþingi 18. nóvember 2024. Fjárlög eru samþykkt og hækkar heildarfjárheimild til FSN um 11,1 m.kr. milli ára, úr 365,5 m.kr. í 376,6 m.kr. á árinu 2025. Þessar 11,1 m.kr. halda ekki í við verðlagsbreytingar. Ársnemendum fækkar um 10 eða úr 150 í 140 á árinu 2025, ársnemandi í FSN er kr. 2.690.000,- á ári í fullu námi. Reksturinn er í jánnum og ljóst er að það þarf að grípa til einhverra aðgerða. Kennari í 100% stöðu lét af störfum 31. júlí 2024 og var ekki ráðið í hans stað. Það er stanslaust unnið að því að hagræða í hópum svo ekki komi til yfirvinnu. Áætlaður meðalfjöldi starfsmanna á árinu 2025 er 27 í 20,8 stöðugildum, fjöldi karla er 11 og fjöldi kvenna er 16. Þess má geta að stöðugildi við stofnunina voru 26,45 árið 2020. Það er ekki búið að taka neinar ákvarðanir varðandi starfsmannahópinn. Frekari niðurskurður er í skoðun en kæmi þá ekki til framkvæmda fyrr en á haustönn 2025.

Skólameistari hefur skilað inn stefnu skólans og hefur fengið jákvætt svar. Stefnan er vel unnin og verður samþykkt eftir örliðlar tæknilegar breytingar.

Skólameistari fer á skólafund framhaldsskóla með ráðuneyti á morgun, þann 27.11.2024 á Teams. Þar verður farið yfir námsframboð skólans og önnur fagleg málefni, stefnuskjöl 2024, markmið og aðgerðir og hvernig skólameistari sér fyrir sér næstu skref í tengslum við stefnuskjöl 2025-2027. Það verður einnig farið yfir innra mat (sjálfsmatsskýrslu) og



síðasta ytra mat eftir því sem við á. Brotthvarf nýnema verður tekið fyrir og önnur mál að ósk skólameistara.

3. Umbótaáætlun FSN.

Hrafnhildur Hallvarðsdóttir, skólameistari fór yfir framgang umbótaáætlunar frá október 2021 til október 2024. Umbótaáætlun FSN er unnin af Hermanni Hermannssyni formanni gæðaráðs og Hrafnhildi Hallvarðsdóttur skólameistara. Hrafnhildur skólameistari mun senda skólanefnd umbótaáætlun í tölvupósti.

4. Áfangar í boði á vorönn 2025.


Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari sagði frá áfangaframboði á vorönn 2025, en það eru 72 áfangar í boði á vorönn. Námsframboð á vorönn 2025 er býsna hefðbundið. Fleiri nemendur eru að velja náttúru- og raunvísindabraut. Þess má geta að það eru 107 fjarnemendur á haustönn 2024 og 73 staðnemendur. Staðnemendur eru færri en fjarnemendur. Það eru skýrslur um fjarnám á heimasíðu skólans, sjá [hér](#).

5. Endurskoðun námsbrauta.


Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari sagði frá endurskoðun námsbrauta sem nú er nýlokið. Í þessari endurskoðun var kjarni allra brauta samræmdur. Flestir staðnemendur í FSN eru á náttúru- og raunvísindabraut.

6. Önnur mál.

- Sara Egilsdóttir, forseti NFSN sagði að félagslífið væri í vexti og aukin þátttaka á viðburði. Það hefur gengið vel að skipuleggja viðburði. Það stendur til að halda jólaskemmtun þegar framhaldsdeildin kemur í desember. Stjórn NFSN er skipuð fimm stúlkum.
- Skólameistari sagði frá skuggakosningum og framboðsfundi í FSN sem var í síðustu viku. Það komu fulltrúar frá öllum framboðum og gekk fundurinn vel.
- Loftur Árni er verkefnastjóri í innleiðingu gervigreindar í FSN. Loftur hefur verið með kynningar í öðrum framhaldsskólum um hvernig innleiðing er hér í FSN. Loftur var á málþingi um gervigreind á Menntavísindasviði Háskóla Íslands.
- Gunnlaugur Smárason er verkefnastóri með UT í FSN og heldur hann m.a. utan um verkefni um þróun Býli sem fjölnota skapandi rýmis innan FSN í samstarfi við umsjónarmann með nýtingu gervigreindar í námi og kennslu.
- Dönskuáfangi í Kaupmannahöfn: Guðrún Tinna Ólafsdóttir fór ásamt níu nemendum til Kaupmannahafnar í nóvember, ferðin er hluti af náminu.



- Kynningar fyrir 10. bekinga: Það eru kynningar á FSN í þessari viku á norðanverðu Snæfellsnesi og verða kynningar í framhaldsdeild og Ásgarðsskóla, skólinn í skýjunum í næstu viku. Agnes námsráðgjafi sér um að kynna skólann ásamt nemendum úr FSN.
- Það er skylduáfangi á öllum brautum í FSN sem heitir ÍSJA og er það samþættur áfangi í íslensku og jarðfræði.
- Nemendur sem eiga foreldra/foreldri með annað móðurmál en íslensku er mjög fjölbreyttur í FSN. Í FSN eru nemendur sem eiga foreldra/foreldri með annað móðurmál en íslensku 40% staðnemenda á vorönn 2024 og 34% staðnemenda á haustönn 2024.
- Árlegt nýnema brotthvarf hefur hækkað töluvert hjá FSN skólaárið 2023-4 og mælist 11,5%.
- Skólameistari sagði frá niðurstöðum frá bæjarstjórnarfundum unga fólksins í Sveitarfélaginu Stykkishólmi miðvikudaginn 8. maí 2024. Þar töluðu nemendur um mikilvægi öflugs félagslífs í FSN. Bæjarstjórn unga fólksins hvetur bæjarstjórn Stykkishólms til að beita sér fyrir því að sveitarfélög á Snæfellsnesi taki samtalið um aðkomu sveitarfélaganna á Snæfellsnesi að eflingu félagslífs FSN, til dæmis með rútum á milli bæjarfélaga. Bæjarstjórn unga fólksins hvetur bæjarstjórn einnig til þess að beita sér fyrir lækun á verði máltíða fyrir nemendur í FSN.
- Síðasti kennsludagur fyrir jól er 12. desember.
- Ýmis lokaverkefni eru í undirbúningi og verða kynnt í lokaverkefnisviku.
- Tómas Freyr Kristjánsson ljósmyndari mætti og tók mynd af nefndinni í tilefni af 100. fundi skólanefndar FSN.



Frá vinstri: Kristinn Jónasson, Helga Guðmundsdóttir, Sólrún Guðjónsdóttir, Björg Ágústsdóttir, Birta Antonsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir og Guðrún Jóna Jósépsdóttir.

7. FSN bauð upp á veitingar í tilefni 100.fundar skólanefndar.

Fundi slitið klukkan 16:30